

Auglýsing um friðlýsingu hverastrýtna á botni Eyjafjarðar.

Að tillögu Náttúruverndarráðs og [Umhverfisstofnunar] hefur umhverfissráðherra í samráði við sjávarútvegsráðherra ákveðið að friðlýsa hverastrýtur á botni Eyjafjarðar á stað u.þ.b. 65°49,73 N; 18°06,69 V og næsta nágrenni sem náttúruvætti í samræmi við 2. tl., 53. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda einstök náttúrufrýrbrigði sem felst í myndun hverastrýtnanna, efnasamsetningu, útliti og lögun ásamt örveruvistkerfi sem þar þrífst við óvenjulegar aðstæður. Hverastrýturnar eru staðsettar á u.þ.b. 65 m dýpi og nær önnur upp á u.þ.b. 33 m og hin upp á u.þ.b. 15 m dýpi. Sérstaða strýtanna felst einnig í hæð þeirra sem er óvenjulega mikil.

Mörk náttúruvættisins eru sýnd á meðfylgjandi uppdrætti og eru þau hringur með 200 m radíus út frá staðsetningu þess á botni Eyjafjarðar.

Um náttúruvættið gilda eftirfarandi reglur:

1. Togveiðar, netalagnir og línuveiðar eru bannaðar við náttúruvættið og á jaðarsvæði þess skv. Markalýsingu hér að framan.
2. Rannsóknir og sýnataka í tengslum við þær er heimil að fengnu leyfi [Umhverfisstofnunar] eða þess sem fer með umsjón svæðisins.
3. Heimilt er að kafa niður að hverastrýtunum og skoða þær, en óheimilt er að hrófla við þeim eða valda á þeim spjöllum. Köfun við strýturnar ber að tilkynna hafnaryfirvöldum á Akureyri samdægurs.
4. Óheimilt er að kasta akkeri innan marka náttúruvættisins. Köfurum er hins vegar bent á að kafa niður hjá ljósbauju sem komið er fyrir við strýturnar. Frá baujunni liggur band/tengiband sem fest er í næsta nágrenni kulnuðu strýttunnar.
5. Óheimilt er að setja hverskonar festingar eða merki við hverastrýturnar.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi umsjónaraðila að höfðu samráði við [Umhverfisstofnun].

Til ráðuneytis um stjórn náttúruvættisins skal skipuð samráðsnefnd og tilnefna Hafrannsóknastofnunin, Siglingastofnun, Hafnarsamlag Norðurlands, fulltrúi áhugakafara á Norðurlandi og [Umhverfisstofnunar] einn fulltrúa hver. [Umhverfisstofnun] getur falið lögaðila umsjón með náttúruvættinu og um hana skal gerður sérstakur samningur sem umhverfissráðherra staðfestir.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Grenivík, 12. mars 2001

Siv Friðleifsdóttir